





# Ársskýrsla 2004

## Aðalfundur Vinnslustöðvarinnar hf.

6. maí 2005

58. starfsár

## Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf.

Gunnar Felixson, formaður

Aðalsteinn Ingólfsson

Guðmundur Kristjánsson

Gunnlaugur Ólafsson

Sigurjón Óskarsson

## Varastjórn

Haraldur Gíslason

Hjálmar Þór Kristjánsson

## Framkvæmdastjórn Vinnslustöðvarinnar hf.

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri

Stefán Friðriksson, aðstoðarframkvæmdastjóri

Andrea Atladóttir, fjármálastjóri

Guðni Ingvar Guðnason, útgerðarstjóri

Sigurður Friðbjörnsson, verksmiðjustjóri

Sigurjón Gíslí Jónsson, framleiðslustjóri

## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns 2

Skýrsla framkvæmdastjórnar:

Inngangur, afkoma 3

Efnahagur, starfsmenn, hlutdeildarfélag,

hluthafar, aflabrögð, útgerð, aflaheimildir 4

Framleiðsla, fiskimjölsverksmiðja 6

Afli og aflaverðmæti Vinnslustöðvarinnar hf. (tafla) 6

Aflaheimildir Vinnslustöðvarinnar hf. (tafla) 8

Heildarframleiðsla landvinnslu (tafla) 9

Heildarframleiðsla fiskimjölsverksmiðju (tafla) 9

Ársreikningur 10

Umsjón og umbrot: Athygli

Ljósmyndir úr starfseminni: Sigurjón Gíslí Jónsson, Sveinn Magnússon á Ísleifi VE-63 og áhöfnin á Drangavík VE-80.

Bakgrunnsmyndir á þessari síðu og bls. 10: Sigurgeir Jónasson.

Myndir á kápubaki: Sigurgeir Jónasson.

Kápuforsíða: Ísleifur VE-63 í innsiglingunni í Eyjum.

Á litlu myndunum frá vinstri: Guðný Ármannsdóttir (sést á vanga Huldu

Ástvaldsdóttur), Jakob Jónatan Möller, verkstjóri, Agnar Ingi

Hjálmarsson á Drangavík og Helga Magnúsdóttir (sést í Rannveigu

Sigurðardóttur og Jónínu Sigurbjörgu Sveinsdóttur).

Prentun: Prentsmiðjan Eyrún



Hafnargötu 2 · Vestmannaeyjar

Sími 488 8000 · Fax 488 8001

vsv@vsv.is · www.vsv.is

# Ávarp stjórnarformanns

Ágætu hluthafar!

Árið 2004 var Vinnslustöðinni hf. að mörgu leyti hagfelld þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður. Framlegð félagsins stóð í stað frá árinu á undan þrátt fyrir auknar aflaheimildir sem komu inn í félagið með sameiningu við Ísleif ehf. síðla árs 2003. Hagnaður ársins var ágætur en skýrist því miður að verulegu leyti af gengishagnaði, sem er ávísun á samdrátt tekna og minni framlegð. Í fyrsta skipti í sögu félagsins er reiknuð tekjuskattsskuldbinding og því stýttist í að félagið þurfi að greiða skatta. Það er auðvitað ánægjuleg þróun. Efnahagur Vinnslustöðvarinnar hf. var sterkur í árslok en heildarskuldir félagsins lækkuðu um 654 milljónir króna frá árslokum 2003.

Heildarafli skipa félagsins á rekstrarárinu var 68.514 tonn samanborið við 76.709 tonn árið áður. Aflaverðmæti skipanna jókst um 2,6%. Verðmæti landvinnsludeilda félagsins jókst um 21% frá fyrra ári. Samtals voru framleidd 9.500 tonn af afurðum á rekstrarárinu samanborið við 7.200 tonn árið 2003.

Úthlutaðar veiðheimildir Vinnslustöðvarinnar hf. á fiskveiðiárinu, sem hófst 1. september 2004, námu 17.572 þorskígildistonn um og drógust lítilla saman frá fyrra fiskveiðiári eða um 42 þorskígildistonn.

Rekstrarskýrði sjávarútvegsins versnuðu á síðasta ári og hafa haldið áfram að versna það sem af er rekstrarárinu. Styrking krónunnar er mikil og langt umfram það sem eðlilegt er. Vissulega njóta ýmsir góðs af, sér í lagi þegar litið er til skamms tíma. En þegar til lengdar lætur munu áhrifin verða slæm, ekki aðeins fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar heldur líka fyrir almennung í landinu og þá einkum fólk í hinum dreifðu byggðum. Lífskjör fólks í sjávarbyggðum og afkoma sjávarútvegsfyrirtækja eru samtvinnuð. Þegar illa gengur hjá sjávarútveginum lækka ekki einungis launin heldur minnkar atvinnuöryggið einnig til muna. Hagsmunir fólks og fyrirtækja fara því saman en eru ekki gagnstæðir. Í samskiptum þeirra þarf skilning á því. Kjarasamningar Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands annars vegar og Landssambands íslenskra útvegsmanna hins vegar eru vísir að slíkum skilningi og marka tímamót. Ef rétt er á málum haldið munu samningarnir verða góður vegvísir til framtíðar, öllum sem að sjávarútvegi koma til heilla.

Vinnslustöðin hf. er, þegar þetta er ritað, eitt þriggja fyrirtækja í sjávarútvegi sem enn eru skráð í Kauphöll Íslands. Árið 1999 voru 24 sjávarútvegsfyrirtæki skráð þar. Þessi þróun er vissulega áhyggjuefni, ekki einungis fyrir Kauphöllina heldur líka sjávarútveginn. Sjávarútvegur er fjármagnsfrek grein og því nauðsynlegt að hafa aðgang að fjármagni í formi bæði lánsfjár og eiginfjár. Arðsemi greinarinnar hefur ekki verið viðunandi, einkum ef hún er borin saman við arðsemi annarra greina. Áhugaleysi fjárfesta hefur meðal annars verið ástæða afskráningar og vitaskuld skiptir arðsemi fjárfesta miklu. Í þessu ljósi er dapurlegt að á greinina skuli nú lagður sérstakur skattur, veiðigjald, sem byggist á hug-



myndum um auðlindarentu: ávöxtun umfram aðrar greinar. Samanburður ávöxtunar sjávarútvegsins við aðrar atvinnugreinar undanfarin ár sýnir að þar er engin umframávöxtun.

Engum vafa er undirorpið að sjávarútvegurinn á nú í vanda, bæði rekstrarlega og ímyndarlega. Greinin er óaðlaðandi fyrir fjárfesta vegna ónógrar arðsemi, ungt fólk sækist ekki eftir að starfa þar auk þess sem andrúmsloft í garð greinarinnar er óvinsamlegt. Það er mikilvægt verkefni þeirra sem eiga hagsmuna að gæta í sjávarútvegi, bæði hluthafa, starfsmanna og sjávarbyggða, að hefja nú saman sókn að bættum kjörum sínum og snúa andrúmslofti úr neikvæðni yfir í kraftmikið umhverfi framsækinnar atvinnugreinar, öllum til hagsbóta.

Vinnslustöðinni hf. hefur vegnað vel undanfarin ár. Von mín er að svo verði áfram. Starfsmenn félagsins hafa unnið frábært starf á nýliðnu ári eins og áður. Fyrir hönd stjórnar vil ég færa þeim öllum bestu þakkir fyrir.

Gunnar Felixson



# Skýrsla framkvæmdastjórnar

## Inngangur

Rekstur Vinnslustöðvarinnar hf. var viðunandi á rekstrarárinu 1. janúar-31. desember 2004. Afkoma útgerðar félagsins var ágæt en þó ekki eins góð og rekstrarárið þar á undan. Rekstur landvinnsludeilda gekk hins vegar ekki eins vel og rekstur útgerðar á árinu en framlegð landvinnsludeilda var þó meiri en rekstrarárið þar á undan. Ber þar helst að nefna að rekstur uppsjávardeilda félagsins gekk nokkuð vel og skiluðu þær viðunandi framlegð á árinu. Heildartekjur félagsins jukust á árinu og skýrist það helst af auknum umsvifum í vörusölu, þ.e. endursölu mjöls og lýsis frá öðrum framleiðendum. Styrking íslensku krónunnar á árinu var útflutningi afar óhagstæð og jukust því tekjur af framleiddum afurðum einungis lítillega á árinu þrátt fyrir aukna framleiðslu. Á árinu bætti félagið við sig aflaheimildum í humri. Afskriftir jukust og þá helst vegna aukinna aflaheimilda sem komu til með sameiningu félagsins við Ísleif ehf. síðla árs 2003. Fjármagnsliðir voru jákvæðir vegna styrkingar krónunnar á árinu og hagnaður því meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

## Afkoma

Rekstrartekjur Vinnslustöðvarinnar hf. námu 4.005 milljónum króna rekstrarárið 1. janúar-31. desember 2004 og jukust um 626 milljónir króna frá árinu áður eða um 19%. Endursala á mjöli og lýsi frá öðrum framleiðendum á stærstan þátt í tekjuaukningunni.

Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar og afskrifta voru 2.980

milljónir króna og jukust um 608 milljónir króna frá árinu áður eða um 26%. Endursala mjöls og lýsis skýrir þessa hækkun að mestu leyti líkt og tekjuaukninguna. Hagnaður fyrir afskriftir var 1.025 milljónir króna og jókst um 19 milljónir króna frá fyrra ári. Framlegðarhlutfall félagsins lækkaði frá fyrra ári úr 29,8% í 25,6%. Framlegðarhlutfall landvinnsludeilda, án sameiginlegs kostnaðar, jókst um 7% frá fyrra ári og skýrist af ágætu gengi uppsjávardeilda á árinu. Framlegðarhlutfall útgerðar, reiknað á sama hátt, dróst hins vegar saman um u.þ.b. 10% frá árinu áður. Afskriftir námu 640 milljónum króna og jukust um 98 milljónir króna frá árinu áður. Aukningin skýrist að mestu leyti af auknum veiðiheimildum í eigu félagsins.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru jákvæð um 262 milljónir króna. Á síðastliðnu rekstrarári voru fjármagnsliðir neikvæðir um 215 milljónir króna. Viðsnúningurinn stafar einkum af því að gengishagnaður í ár var 451 milljón króna í stað 134 milljóna króna árið áður. Gengi íslenskrar krónu styrktist mikið á rekstrarárinu eða um 9%. Vaxtagjöld lækkuðu nokkuð frá árinu 2003. Á árinu voru framvirkir samningar gerðir fyrir u.þ.b. 2 milljarða króna til varnar gjaldeyrisáhættu við innstreymi tekna.

Stjórn félagsins hefur ákveðið að taka upp svokallað virðisrýrnunarpróf við gerð reikningsskila félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og verður það gert frá og með 1. janúar 2005.



Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf.

## Efnahagur

Heildarniðurstaða efnahagsreiknings Vinnslustöðvarinnar hf. í lok rekstrarársins var 7.823 milljónir króna og lækkaði um 417 milljónir króna frá fyrra ári. Veltufjárhlutfall félagsins var í lok ársins 1,93 og lausafjárhlutfall var 1,52 en hvort tveggja hækkaði frá árinu áður. Heildarskuldir félagsins námu 5.561 milljónum króna og lækkuðu um 654 milljónir frá fyrra ári. Skuldir félagsins eru að langmestu leyti í erlendum myntum og hefur því styrking krónunnar á árinu áhrif á skuldir félagsins til lækkunar. Nettóskuldir félagsins, það er heildarskuldir að frádrögnum veltufjármunum og peningalegum eignum, námu 4.043 milljónum króna og lækkuðu um 660 milljónir króna frá síðasta ári.

Eigið fé Vinnslustöðvarinnar hf. var í árslok 2.262 milljónir króna eða 28,9% af heildarefnahag og hækkaði úr 24,6%. Eiginfjárhlutfallið hækkar því um 4,3 prósentustig frá árinu áður.

Veltufé frá rekstri var 850 milljónir króna og jókst um 135 milljónir króna frá árinu áður. Handbært fé frá rekstri hækkaði lítillega eða um 80 milljónir króna. Nettófjárfestingar félagsins voru 249 milljónir króna á árinu. Auk eðlilegrar endurnýjunarfjárfestingar í eignum félagsins var fjárfest á árinu í veiðiheimum í humri.

## Starfsmenn

Starfsmenn Vinnslustöðvarinnar hf. voru að meðaltali 224 á rekstrarárinu. Heildarlaunagreiðslur félagsins námu 912 milljónum króna en voru 874 milljónir króna árið áður.

## Hlutdeildarfélag

Vinnslustöðin hf. á 45% hlutafjár í Stilla ehf. en Stilla á 25% hlutafjár í Vinnslustöðinni hf. Hagnaður Stilla ehf. á árinu 2004 var 126 milljónir króna sem samanstendur af arðgreiðslum og gengishagnaði erlendra lána.

Vinnslustöðin hf. átti 40% eignarhlut í Frostfiski ehf. á árinu 2004 en í janúar 2005 var allur eignarhlutur Vinnslustöðvarinnar hf. í félaginu seldur.

## Hluthafar

Hluthafar Vinnslustöðvarinnar hf. voru 465 í upphafi rekstrarársins en í lok þess voru þeir 426 og hafði því fækkað um 39 á árinu. Fjórir hluthafar reyndust eiga yfir 10% í félaginu í lok rekstrarársins: Stilla ehf. (25%), Vátryggingarfélag Íslands (12,76%), Ker ehf. (11,12%) og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja (10,26%). Gengi hlutabréfa í Vinnslustöðinni hf. í Kauphöll Íslands var í upphafi rekstrarársins skráð 3,50 en í lok rekstrarársins var það 3,95. Á tímabilinu var gengið lægst skráð 3,00 í febrúarmánuði en hæst skráð 4,00 í desember.

## Aflabrögð

Á liðnu rekstrarári var heildarafla skipa félagsins rúm 68.500 tonn en var rúm 76.700 tonn árið áður. Lækkunin frá fyrra ári er því um 8.200 tonn og má að mestu rekja til minni loðnuaflla.

Aflaverðmætið var 1.577 milljónir króna en var 1.544 milljónir króna á fyrra ári, sem er aðeins rúmlega 2% aukning þrátt fyrir að félagið hafi gert út einu skipi fleira en árið 2003.

Afla að verðmæti 898 milljónir króna var landað til eigin vinnslu en það svaraði til 57% af heildaraflaverðmæti skipanna. Til samanburðar nam verðmæti landaðs afla af eigin skipum 913 milljónum króna eða 59% af heildaraflaverðmæti á fyrra rekstrarári.


## Útgerð

Vinnslustöðin hf. gerði út eftirtalin skip á liðnu rekstrarári: netabátana Brynjólf ÁR-3, Kap VE-4 og Gandí VE-171, togbátinn Drangavík VE-80, togarann Jón Vídalín ÁR-1 og nótaskipin Ísleif VE-63 og Sighvat Bjarnason VE-81.

## Aflaheimildir

Bolfiskaflaheimildir félagsins á yfirstandandi fiskveiðiári, sem hófst 1. september 2004, eru 10.654 þorskígildistonn en voru 11.525 þorskígildistonn á fiskveiðiárinu 2003-2004. Aflaheimildir í uppsjávarfiski, rækju og humri eru 6.917 þorskígildistonn en voru 6.089 tonn á fiskveiðiárinu 2003-2004.

## Þróun gengis hlutabréfa í Vinnslustöðinni hf. á síðastliðnu rekstrarári







*Helgi Magnússon, smiður.*



*Ingí Árni Júlíusson, verkstjóri.*



*Viðar Breiðfjörð, Skúli Georgsson, Ísleifur Arnar Vignisson, Árni Hjörtur Þorsteinsson og Jón Kjartan Bragason.*



Seynabou Diop og Þórhildur Guðmundsdóttir.



Aldís Erlingsdóttir.

### Framleiðsla

Framleiddar afurðir í landvinnslu Vinnslustöðvarinnar hf. voru 9.500 tonn en 7.200 tonn árið 2003. Aukninguna má að mestu rekja til þess að framleitt var meira af síldar- og loðnuafurðum en árið áður.

Samtals voru fryst um 3.400 tonn af loðnu og loðnuhrognum, en árið 2003 voru framleidd 2.400 tonn af þessum afurðum. Á árinu 2004 voru framleidd tæplega 3.850 tonn af síldarafurðum á móti rúmum 2.300 tonnum á árinu á undan. Verð á síldarafurðum hækkaði talsvert en óhagstæð gengisþróun gerði áhrif verðhækkunarinnar nánast að engu. Verð fyrir frysta loðnu var frekar lágt en spurn eftir loðnuhrognum var mikil og verðið hátt.

Á rekstrarárinu voru framleidd rúmlega 850 tonn af saltfiskafurðum en rúmlega 1.200 tonn árið 2003. Framleidd voru um 800 tonn af ferskum og frystum þorsk-, ýsu-, og ufsaafurðum en talsvert aukning var í framleiðslu þessara tegunda frá árinu 2003. Líkt og undanfarin ár var einnig unninn karfi og humar. Um 400 tonn af ferskum og frystum karfaafurðum voru unnin á árinu og um 230 tonn af frystum humri.

### Fiskimjölsverksmiðja

Framleiðslutekjur fiskimjölsverksmiðju félagsins voru alls 742 milljónir króna á árinu 2004 en 1.024 milljónir króna á fyrra



Erlingur Einarsson.

rekstrarári. Þær drógust saman um 282 milljónir króna eða 27,5%. Mjöl og lýsisverð lækkaði á síðari hluta rekstrarársins.

Aðkeypt hráefni á árinu 2004 var 62.314 tonn en 84.996 tonn árið áður. Alls voru brædd 30.258 tonn af loðnu, 16.185 tonn af síld, 15.641 tonn af kolmunna og 230 tonn af fiskúrgangi. Aðkeypt hráefni til bræðslu á árinu 2004 var töluvert minna en á árinu þar á undan og voru ástæður aðallega þær að loðnuafli til bræðslu á vetrarvertíðinni var minni en vonir stóðu til.

### Afli og aflaverðmæti skipa Vinnslustöðvarinnar hf.

	2004		2003	
	Tonn	Millj. kr.	Tonn	Millj. kr.
Brynjólfur ÁR-3	979	118	1.457	168
Gandí VE-7	994	116	1.320	163
Drangavík VE-80	3.060	334	3.124	329
Jón Vídalín ÁR-1	4.298	381	3.697	306
Kap VE-4	3.586	131	19.234	196
Sighvatur Bjarnason VE-81	30.574	269	42.230	331
Ísleifur VE-63	25.023	228	5.647	51
<b>Alls</b>	<b>68.514</b>	<b>1.577</b>	<b>76.709</b>	<b>1.544</b>





*Gefur á bátinn á loðnuveiðum. Ísleifur VE-63.*



*Horft út um kýraugað á Ísleifi VE-63.*



## Aflaheimildir Vinnslustöðvarinnar hf.

	Tonn	2004-2005		Tonn	2003-2004	
		Þorsk- ígildi	% af úthlutun		Þorsk- ígildi	% af úthlutun
<b>Bolfiskheimildir</b>						
Þorskur .....	4.247	4.247	2,6204%	4.606	4.606	2,7580%
Ýsa .....	2.846	1.935	3,9365%	2.312	2.173	3,8265%
Ufsi .....	3.249	1.170	5,7050%	2.335	1.004	5,7545%
Karfi .....	3.800	1.786	6,6659%	3.805	1.902	6,6753%
Steinbítur .....	116	72	1,1524%	150	102	1,1415%
Úthafskarfi .....	265	119	0,7686%	423	212	0,7686%
Grálúða .....	350	575	2,5393%	537	774	2,5393%
Skarkoli .....	190	214	4,1230%	171	198	4,1230%
Sandkoli .....	191	94	4,1609%	268	126	4,1576%
Skrápfjúra .....	179	79	3,8951%	179	77	3,8939%
Þykkvalúra .....	55	89	3,7382%	55	92	3,7031%
Langlúra .....	66	46	3,5749%	48	29	3,5561%
Langa .....	169	95	5,2939%	119	94	5,1711%
Keila .....	41	16	1,2983%	38	19	1,2051%
Skötuselur .....	54	85	2,9727%	50	85	2,9652%
Ní-þorskur .....	32	32	0,5171%	32	32	0,5171%
<b>Bolfiskur alls .....</b>	<b>15.851</b>	<b>10.654</b>		<b>15.128</b>	<b>11.525</b>	
<b>Aðrar veiðiheimildir</b>						
Humar .....	72	470	15,6202%	61	412	12,4090%
Rækja .....	48	33	0,2392%	48	34	0,2392%
Síld .....	10.980	988	9,9818%	10.980	1.098	9,9818%
Loðna .....	58.120	3.487	7,5367%	55.571	2.779	7,5367%
Ní-síld .....	11.510	1.496	7,2987%	9.357	1.216	7,2987%
Kolmunni .....	8.867	443	2,5701%	11.001	550	2,5701%
<b>Aðrar veiðiheimildir alls .....</b>	<b>89.597</b>	<b>6.917</b>		<b>87.018</b>	<b>6.089</b>	
<b>Veiðiheimildir alls .....</b>	<b>105.448</b>	<b>17.572</b>		<b>102.146</b>	<b>17.614</b>	

Aflaheimildir í loðnu fyrir yfirstandandi fiskveiðiár miðast við 771.160 tonna heildarúthlutun sem var lokaúthlutun fiskveiðiársins 2004-2005. Þorskígildi Ní-síldar miðast við útgefna stuðla fiskveiðiársins 2003-2004.



Sighvatur Bjarnason VE-81 að loðnuveiðum.

## Heildarframleiðsla landvinnslu

	2004		2003	
	Tonn	Þús kr.	Tonn	Þús kr.
Saltaðar afurðir .....	857	345.385	1.222	480.000
Landfrystar bolfiskafurðir .....	1.205	399.973	1.130	353.000
Frysting uppsjávarfiska .....	7.238	715.368	4.707	374.000
Humar .....	230	182.842	143	147.000
<b>Alls .....</b>	<b>9.530</b>	<b>1.643.568</b>	<b>7.202</b>	<b>1.354.000</b>

## Heildarframleiðsla fiskimjölsverksmiðju

Tegund	2004	2003
	Tonn	Tonn
Loðna .....	30.258	46.960
Síld .....	16.185	20.403
Kolmunnir .....	15.641	17.200
Fiskúrgangur .....	230	433
<b>Alls .....</b>	<b>62.314</b>	<b>84.996</b>
<b>Afurðir</b>		
Fiskimjöl .....	11.955	15.080
Lýsi .....	3.673	5.406



Þorsteinn Ólason.



Sigurður Björn Oddgeirsson og Friðrik Stefánsson.



Gunnar Ingi Eysteinnsson og Sigurhans Guðmundsson.



Um borð í Ísleifi VE-63.



## Áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Hagnaður af rekstri félagsins á árinu var rúmar 547 milljónir króna. Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 30% arður til hluthafa en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 426 en voru 465 í upphafi árs. Fjórir hluthafar eiga meira en 10% hlutafjárins en þeir eru Stilla ehf. með 25,00%, Vátryggingafélag Íslands hf. með 12,76%, Ker hf. með 11,12% og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja með 10,26%.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hf. leggur ríka áherslu á að viðhalda góðum stjórnunarháttum innan félagsins og hefur tekið tillit til leiðbeinandi tilmæla um stjórnunarhætti fyrirtækja sem gefin voru út af hálfu Kauphallar Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Verslunarráðs Íslands í mars 2004. Hefur stjórnin sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið stjórnar er skilgreint og verksvið hennar. Í þessum reglum eru meðal annars ákvæði um fundarsköp, hæfi stjórnarmanna til þátttöku í afgreiðslu mála, upplýsingargjöf framkvæmdastjóra, meðferð trúnaðarupplýsinga og fleira. Uppfylla reglur stjórnar fyrrgreind tilmæli og eru að sumu leyti ítarlegri en þar er kveðið á um.


Stjórn og framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2004 með undirritun sinni.

Vestmannaeyjum 10. febrúar 2005

Í stjórn:



Gunnar Felixson, formaður



Aðalsteinn Ingólfsson



Guðmundur Kristjánsson



Gunnlaugur Ólafsson



Sigurjón Óskarsson

Framkvæmdastjóri:



Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson

## Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa í Vinnslustöðinni hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Vinnslustöðvarinnar hf. fyrir árið 2004. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.


Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2004, efnahag þess 31. desember 2004, og breytingu á handbæru fé á árinu 2004, í samræmi við lög og góða reikningskilavenju á Íslandi.

Reykjavík 10. febrúar 2005

Deloitte hf.



Þorvarður Gunnarsson  
endurskoðandi



Sigurður Páll Hauksson  
endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Rekstrartekjur</b>			
Rekstrartekjur fiskvinnslu .....		2.489.421.206	2.438.802.116
Rekstrartekjur útgerðar .....		1.826.621.605	1.836.461.366
Afli til eigin vinnslu .....		(898.092.424)	(912.890.643)
Vörusala .....		567.582.007	0
Aðrar tekjur .....		19.308.399	16.027.020
		<u>4.004.840.793</u>	<u>3.378.399.859</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Rekstrargjöld fiskvinnslu .....		1.936.294.961	2.071.286.559
Rekstrargjöld útgerðar .....		1.275.602.844	1.096.173.106
Afli til eigin vinnslu .....		(898.092.424)	(912.890.643)
Kostnaðarverð seldra vara .....		559.098.826	0
Sameiginlegur kostnaður .....		106.986.966	117.500.815
		<u>2.979.891.173</u>	<u>2.372.069.836</u>
Hagnaður fyrir afskriftir .....		1.024.949.620	1.006.330.022
Afskriftir fastafjármuna .....	2,3	<u>(639.748.663)</u>	<u>(542.105.420)</u>
Rekstrarhagnaður .....		385.200.957	464.224.602
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....</b>	<b>1, 21</b>	<u>261.915.828</u>	<u>(214.917.008)</u>
Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta .....		647.116.785	249.307.594
<b>Skattar</b>			
Reiknaður tekjuskattur .....	10	<u>(99.607.345)</u>	<u>0</u>
		<u>(99.607.345)</u>	<u>0</u>
<b>Hagnaður .....</b>		<u>547.509.440</u>	<u>249.307.594</u>



# Efnahagsreikningur

		<b>Eignir</b>	
	<b>Skýr.</b>	<b>31. 12. 2004</b>	<b>31. 12. 2003</b>
<b>Fastafjármunir</b>			
<b>Óefnislegar eignir</b>			
Varanlegar fiskveiðiheimildir .....	2	2.738.193.448	2.824.940.543
		<u>2.738.193.448</u>	<u>2.824.940.543</u>
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>			
	3,4		
Fasteignir og lóðir .....		972.374.328	956.950.795
Skip og fylgihlutir .....		1.669.278.826	1.837.077.658
Vélar og framleiðslutæki .....		488.374.722	569.546.905
		<u>3.130.027.875</u>	<u>3.363.575.358</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>			
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum .....	5	412.325.610	437.363.953
Eignarhlutar í öðrum félögum .....	5	23.852.432	101.501.159
Stofnsjóðir og bundnar innistæður .....		746.281	746.281
Verðbréf .....		31.077.149	18.296.348
		<u>468.001.472</u>	<u>557.907.741</u>
		<u>6.336.222.796</u>	<u>6.746.423.642</u>
<b>Fastafjármunir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
<b>Vörubirgðir</b>			
	6		
Afurða- og hráefnisbirgðir .....		137.429.101	139.528.736
Veidarfæra- og rekstrarvörubirgðir .....		176.056.115	179.340.214
		<u>313.485.216</u>	<u>318.868.950</u>
<b>Skammtímakröfur</b>			
	7		
Viðskiptakröfur .....		379.421.550	374.645.770
Kröfur á hlutdeildarfélög .....		2.149.535	21.392.262
Aðrar skammtímakröfur .....		41.263.739	88.757.718
Fyrirframgreiddur kostnaður .....		23.067.709	25.560.979
		<u>445.902.534</u>	<u>510.356.730</u>
<b>Verðbréf og eignarhlutar</b>			
Verðbréf.....		0	57.577.247
		<u>0</u>	<u>57.577.247</u>
<b>Handbært fé</b>			
Innstæður í innlánsstofnunum .....		727.404.221	606.381.942
		<u>727.404.221</u>	<u>606.381.942</u>
		<u>1.486.791.971</u>	<u>1.493.184.869</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
		<u>7.823.014.767</u>	<u>8.239.608.512</u>
<b>Eignir</b>		<u>7.823.014.767</u>	<u>8.239.608.512</u>

## Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31. 12. 2004	31. 12. 2003
<b>Eigið fé</b>	8,9		
Hlutfé .....		1.565.000.000	1.565.000.000
Lögbundinn varasjóður .....		125.500.000	70.635.696
Óráðstafað eigið fé .....		571.928.815	389.571.343
<b>Eigið fé</b>		<u>2.262.428.815</u>	<u>2.025.207.039</u>
<b>Skuldbindingar</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	10	99.607.345	0
<b>Skuldbindingar</b>		<u>99.607.345</u>	<u>0</u>
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>	11		
Skuldabréfalán .....		4.688.982.221	5.220.646.324
		<u>4.688.982.221</u>	<u>5.220.646.324</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir.....		70.000.000	976.926
Viðskiptaskuldir .....		246.598.918	214.488.681
Skuldir við hlutdeildarfélag.....		0	458.678
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	12	340.123.000	651.762.000
Aðrar skammtímaskuldir.....		115.274.467	126.068.863
		<u>771.996.385</u>	<u>993.755.148</u>
<b>Skuldir</b>		<u>5.560.585.951</u>	<u>6.214.401.472</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>7.823.014.767</u>	<u>8.239.608.512</u>
<b>Ábyrgðar- og veðskuldbindingar</b>	14-16		



# Sjóðstreymi ársins 2004

	Skýr.	2004	2003
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður .....		547.509.440	249.307.594
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi</b>			
Afskriftir .....	2,3	639.748.663	542.105.420
Tekjuskattsskuldbinding.....	10	99.607.345	0
Gengismunur og verðbætur.....		(456.587.302)	(115.358.328)
Sölutap (hagnaður) eigna .....		19.300.929	38.446.159
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<u>849.579.075</u>	<u>714.500.845</u>
<b>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum</b>			
Vörubirgðir, lækkun, (hækkun) .....		5.383.734	104.874.032
Skammtímakröfur, lækkun, (hækkun) .....		122.031.443	6.426.511
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun .....		20.857.163	91.677.156
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>997.851.415</u>	<u>917.478.544</u>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfest í fasteignum .....		(71.254.255)	(119.445.342)
Fjárfest í fiskiskipum og veiðiheimildum .....		(242.121.605)	(139.267.207)
Fjárfest í vélum, áhöldum og tækjum .....		(43.878.724)	(26.813.924)
Seldir fastafjármunir, áhættufjármunir og langtímakröfur .....		140.631.642	40.198.161
Fjárfest í eignarhlutum og skuldabréfum .....		(32.225.806)	(422.027.404)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		<u>(248.848.748)</u>	<u>(667.355.716)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Ný lán og afborganir langtímaskulda .....		(386.715.798)	791.414.120
Skammtímalán lækkun (lækkun) .....		69.023.074	(461.833.596)
Sameining við önnur félög .....		0	102.996.837
Greiddur arður .....		(310.287.664)	(283.633.381)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<u>(627.980.388)</u>	<u>148.943.980</u>
<b>Hækkun handbærs fjár</b> .....		121.022.279	399.066.808
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....		<u>606.381.942</u>	<u>207.315.134</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....		<u>727.404.221</u>	<u>606.381.942</u>

# Skýringar

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð en þó að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga til ársloka 2002.

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

## Óefnislegar eignir

2. Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum varanlegum veiðiheimildum. Eignir þessar eru afskrifaðar um 6% árlega. Óefnislegar eignir greinast þannig:

Stofnverð 1.1.2004.....	3.988.938.253
Viðbót á árinu.....	160.610.350
Stofnverð 31.12.2004.....	<u>4.149.548.603</u>
Afskrifað áður .....	1.163.997.710
Afskrifað á árinu.....	247.357.445
Afskrifað samtals 31.12.2004.....	<u>1.411.355.155</u>
Bókfært verð 31.12.2004.....	<u>2.738.193.448</u>

## Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Skip og fylgihlutir	Vélar og framleiðslutæki	Samtals
Stofnverð 1.1.2004.....	1.656.286.847	3.569.832.908	2.239.359.409	7.465.479.165
Selt eða niðurfært á árinu.....	(9.696.610)	(45.000.000)	(3.671.943)	(58.368.553)
Viðbót á árinu.....	71.254.255	81.511.255	43.878.724	196.644.234
Stofnverð 31.12.2004 .....	<u>1.717.844.492</u>	<u>3.606.344.163</u>	<u>2.279.566.190</u>	<u>7.603.754.846</u>
Afskrifað áður .....	699.336.053	1.732.755.250	1.669.812.504	4.101.903.807
Selt á árinu.....	(4.142.872)	(900.000)	(2.306.384)	(7.349.256)
Afskrifað á árinu.....	50.276.983	205.210.088	123.685.349	379.172.420
Afskrifað samtals 31.12.2004.....	<u>745.470.164</u>	<u>1.937.065.338</u>	<u>1.791.191.469</u>	<u>4.473.726.971</u>
Bókfært verð 31.12.2004.....	<u>972.374.328</u>	<u>1.669.278.826</u>	<u>488.374.722</u>	<u>3.130.027.875</u>
Afskriftarhlutföll .....	4%	6%	12-20%	

# Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu. Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna.....	379.172.420
Sölutap (hagnaður) varanlegra rekstrarfjármuna.....	13.218.798
Afskriftir óefnislegra eigna sbr. skýringu 2 .....	247.357.445
	<u>639.748.663</u>

4. Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir og lóðir:			
Fiskimjölsverksmiðja.....	288.457.000	671.593.000	476.446.146
Fiskiðjuver.....	218.842.000	929.203.000	411.526.629
Aðrar eignir.....	121.210.000	232.612.000	84.401.553
	<u>628.509.000</u>	<u>1.833.408.000</u>	<u>972.374.328</u>
Skip og fylgihlutir:			
Kap VE-4.....		175.772.000	181.909.605
Sighvatur Bjarnason VE-81.....		268.198.000	725.366.632
Gandí VE-7.....		85.069.000	45.794.140
Brynjólfur ÁR-3.....		72.717.000	138.438.641
Jón Vídalín ÁR-1.....		159.657.000	135.799.031
Drangavík VE-80.....		177.220.000	175.608.522
Kristbjörg VE-82.....		20.000.000	27.750.000
Ísleifur VE-63.....		380.832.000	236.154.586
Smábátar, tveir.....		8.305.000	2.457.669
		<u>1.347.770.000</u>	<u>1.669.278.826</u>
Vélar og framleiðslutæki.....		2.047.322.000	488.374.722
	<u>628.509.000</u>	<u>5.228.500.000</u>	<u>3.130.027.875</u>

## Eignarhlutar í félögum

5. Eignarhlutar félagsins í hlutdeildarfélögum og öðrum félögum eru bókfærðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu.

	Hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum:			
Stilla ehf.....	45,0%	352.000.000	352.000.000
Frostfiskur ehf.....	40,5%	3.400.000	117.718.191
Nethamar ehf.....	18,8%	4.169.205	5.145.762
Rannsóknarþjónusta Vestmannaeyja ehf.....	25,0%	500.000	500.000
Niðurfærsla.....			(63.038.343)
			<u>412.325.610</u>



# Skýringar

Eignarhlutar í öðrum félögum:

Eignarhaldsfélag hlutafélaga ehf.....	2,8%	329.000	387.293
Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf.....	8,0%	2.410.000	4.779.358
Ísfélag Þorlákshafnar hf.....	0,6%	828.527	1.894.542
Framleiðendur ehf.....	2,3%	2.941.176	5.539.680
Sæbýli hf.....	4,4%	3.559.139	12.225.804
Aðrir eignarhlutar (alls 5 félög).....		1.466.558	2.225.755
Niðurfærsla.....			<u>(3.200.000)</u>
			<u>23.852.432</u>
			<u>436.178.042</u>

## Birgðir

6. Birgðir afurða eru metnar á áætluðu kostnaðarverði, sem tekur mið af beinum og óbeinum framleiðslukostnaði. Framleiðslukostnaður afurðabirgða í heild er ákvarðaður sem meðalframleiðslukostnaður allra birgða af sama tagi. Birgðabreyting afurða er færð meðal rekstrartekna.

Afurða- og hráefnisbirgðir í árslok eru alls að verðmæti kr. 137.429.101.

Veifaræra- og rekstrarvörubirgðir greinast þannig:

Veifarærabirgðir.....	147.394.000
Rekstrarvörubirgðir.....	<u>28.662.115</u>
	<u>176.056.115</u>

Vátryggingamat afurðabirgða á reikningsskiladegi var 1.013 milljónir króna og veifaræri og afli skipa var tryggður fyrir 161 milljón króna.

Rekstrarvörur eru metnar á kostnaðarverði að teknu tilliti til eðlilegrar rýrnunar. Undirslegin veifaræri eru metin á hálfvirði, en loðnu- og síldarnætur eru metnar að hámarki á helmingi endurkaupsverðs.

## Skammtímakröfur

7. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu kr. 20.400.000. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu framangreindra krafna. Breyting niðurfærslu skammtímakrafna á árinu greinist þannig:

Óbeinar afskriftir í ársbyrjun .....	20.400.000
Tapaðar kröfur á árinu .....	(12.276.839)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	<u>12.276.839</u>
	<u>20.400.000</u>

## Eigið fé

8. Heildarhlutafé félagsins er kr. 1.565.000.000 eins og kveðið er á um í samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

# Skýringar

## 9. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Yfirfært frá fyrra ári .....	1.565.000.000	70.635.696	389.571.343	2.025.207.039
Tillag í lögbundinn varasjóð .....		54.864.304	(54.864.304)	
Hagnaður .....			547.509.440	547.509.440
Úthlutaður arður .....			(310.287.664)	(310.287.664)
	<u>1.565.000.000</u>	<u>125.500.000</u>	<u>571.928.815</u>	<u>2.262.428.815</u>

## Skuldbindingar

10. Tekjuskattsskuldbinding félagsins nemur kr. 99.607.345 í árslok 2004 samkvæmt efnahagsreikningi, en útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunur sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins.

Breyting skattsskuldbindingarinnar á árinu greinist þannig:

Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun 2004 .....	0
Reiknaður tekjuskattur vegna ársins 2004 .....	99.607.345
	<u>99.607.345</u>

Tekjuskattsskuldbinding félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir .....	4.291.654
Óefnislegar eignir .....	135.299.604
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	(39.983.913)
	<u>99.607.345</u>

## Langtímaskuldir

### 11. Yfirlit langtímaskulda:

	Eftirstöðvar
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:	
Skuldir í USD.....	818.103.030
Skuldir í JPY.....	595.241.077
Skuldir í GBP.....	340.257.452
Skuldir í CHF.....	765.325.619
Skuldir í EUR.....	1.908.867.390
Skuldir í öðrum myntum.....	10.832.517
	<u>4.438.627.085</u>
Skuldir í íslenskum krónum .....	590.478.136
	<u>5.029.105.221</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	(340.123.000)
Langtímaskuldir samkvæmt ársreikningi .....	<u>4.688.982.221</u>

# Skýringar

## 12. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í árslok greinast þannig næstu ár:

Næsta árs afborganir.....	340.123.000
Afborganir 2006.....	497.659.000
Afborganir 2007.....	347.227.000
Afborganir 2008.....	597.193.000
Afborganir 2009.....	807.406.000
Afborganir síðar .....	<u>2.439.497.221</u>
	<u>5.029.105.221</u>

## Skattamál

### 13. Skattar á hagnað ársins og eignir í lok þess sem lagðir verða á félagið á árinu 2005 hafa verið reiknaðir og færðir í ársreikninginn. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts og eignarskatts.

Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna yfirfærðs, ónotaðs, skattalegs taps. Ónotað skattalegt tap félagsins í árslok 2004 var 222 milljónir króna. Ónotuð skattaleg töp nýtast til frádráttar hagnaði næstu tíu ára eftir að tapið myndaðist. Ónotuð skattaleg töp félagsins má í síðasta lagi draga frá hagnaði sem hér segir:

Frá hagnaði 2011.....	<u>222.132.846</u>
	<u>222.132.846</u>

## Ábyrgðir og veðskuldbindingar

### 14. Ábyrgðir utan efnahags nema um 23 milljónum króna.

### 15. Á eignum félagsins hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum þess, sem voru að eftirstöðvum um 180 milljónir króna. Auk þess eru áhvílandi á eignunum tryggingarbréf samtals, um 5.068 milljónir króna.

Veðsetningar greinast þannig á eignaflokka:

	Eftirstöðvar skuldbindinga	Tryggingar- bréf	Bókfært verð eigna
Fiskiskip og veiðiheimildir.....	97.435.098	4.763.489.937	4.407.472.274
Fasteignir og lóðir.....	<u>82.801.402</u>	<u>304.540.460</u>	<u>972.374.328</u>
	<u>180.236.500</u>	<u>5.068.030.397</u>	<u>5.379.846.602</u>

### 16. Félagið hefur gert afleiðusamninga við lánastofnanir í þeim tilgangi að takmarka vaxta- og gengisáhættu. Skuldbindingar og kröfur vegna framvirkra samninga eru bókfærðar í ársreikninginn miðað við markaðsverð í árslok. Framvirkir gjaldmiðlasamningar í árslok eru að verðmæti um 922 milljónir króna.

Félagið hefur gert framvirkan samning við Íslandsbanka um kaupskyldu félagsins á bréfum í Vinnslustöðinni hf. að nafnverði kr. 71.064.519 á föstu gengi 3,30. Lokadagur sammingsins er 6. apríl 2005. Þessi viðskipti eru ekki færð í efnahagsreikning félagsins.

## Önnur mál

### 17. Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu vegna bruna- og vatnstjóns og nemur bótafjárhæðin allt að 611 milljónum króna.



# Skýringar

## 18. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2004	2003
Laun .....	911.793.898	874.147.921
Launatengd gjöld .....	154.500.123	156.841.316
	<u>1.066.294.021</u>	<u>1.030.989.237</u>
Meðalfjöldi starfa .....	224	210

## 19. Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu og hlutabréfaeign þeirra í lok þess sundurliðast þannig:

	Laun	Hlutabréfaeign
Jakob Bjarnason, fyrrverandi stjórnarformaður.....	800.000	0
Gunnlaugur Ólafsson, varaformaður.....	300.000	17.917.627
Aðrir stjórnarmenn (7).....	1.800.000	25.779.749
Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri.....	13.153.491	5.192.062
Framkvæmdaráð (5).....	32.048.980	14.224.018
	<u>48.102.471</u>	<u>63.113.456</u>

## 20. Þóknun fyrir endurskoðun og aðrar greiðslur til endurskoðenda sundurliðast þannig:

	2004	2003
Endurskoðun.....	3.956.200	3.867.792
Önnur verkefni.....	263.700	1.437.327
	<u>4.219.900</u>	<u>5.305.119</u>

Í þóknun fyrir endurskoðun felst vinna við endurskoðun á ársreikningi og árshlutareikningum auk vinnu sem stjórn félagsins hefur falið endurskoðendum og telst falla undir eðlilegan hluta af starfi hans. Undir önnur verkefni fellur einkum skattaráðgjöf, ráðgjöf vegna reikningsskila og önnur fjárhagsleg ráðgjöf.

## 21. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	2004	2003
Vaxtatekjur .....	68.171.376	35.426.131
Verðbreytingar á verðbréfum á verðbréfamarkaði .....	(19.324.531)	(69.954.425)
Aðrar fjármunatekjur, þ.m.t. arður .....	1.895.208	82.638
	<u>50.742.053</u>	<u>(34.445.655)</u>
Vaxtagjöld .....	(220.276.449)	(275.863.286)
Gengismunur og verðbætur.....	450.751.152	133.838.092
Söluhagnaður (tap) áhættufjármuna.....	(19.300.929)	(38.446.159)
	<u>211.173.775</u>	<u>(180.471.353)</u>
	<u>261.915.828</u>	<u>(214.917.008)</u>

# Skýringar

22. Úthlutaðar veiðiheimildir til fiskiskipa félagsins á fiskveiðiárinu 1.9.2004 til 31.8.2005 eru eftirfarandi, auk stöðu aflamarks hverrar tegundar í árslok:

	Aflahlutdeild í prósentum	Úthlutað aflamark í tonnum	Aflamark í þorskígildis- tonnum	Staða aflamarks í árslok í tonnum
<u>Veiðiheimildir í botnfiski</u>				
Þorskur.....	2,6204%	4.247	4.247	3.525
Ýsa.....	3,9365%	2.846	1.935	1.684
Ufsi.....	5,7050%	3.249	1.170	2.057
Karfi.....	6,6659%	3.800	1.786	2.839
Langa.....	5,2939%	169	95	160
Keila.....	1,2983%	41	16	33
Steinbítur.....	1,1524%	116	72	60
Skötuselur.....	2,9727%	54	85	27
Grálúða.....	2,5393%	350	575	393
Skarkoli.....	4,1230%	190	214	173
Sandkoli.....	4,1609%	191	94	237
Skráþflúra.....	3,8951%	179	79	209
Þykkvalúra.....	3,7382%	55	89	25
Langlúra.....	3,5749%	66	46	66
		15.553	10.503	11.488
<u>Aðrar veiðiheimildir</u>				
Síld.....	9,9818%	10.980	988	(263)
Loðna.....	7,5367%	56.430	3.386	14.548
Humar.....	15,6202%	72	470	94
Rækja.....	0,2392%	48	33	57
		67.530	4.877	14.436
Aflaheimildir alls.....		83.083	15.380	25.924

Aflaheimildir í loðnu eru reiknaðar út miðað við 749 þúsund tonna heildarúthlutun.

Skip í eigu félagsins fengu jafnframt úthlutað á síðasta ári aflamarki úr norsk-íslenska síldarstofninum samtals 9.357 tonn, kolmunna 18.326 tonn, úthafskarfa 423 tonn og þorski í Barentshafi 32 tonn.

# Skýringar

## 23. Rekstraryfirlit eftir ársfjórðungum:

	1.	2.	3.	4.	Alls
	1.1.-31.3.2004	1.4.-30.6.2004	1.7.-30.9.2004	1.10.-31.12.2004	1.1.-31.12.2004
<b>Rekstrartekjur</b>					
Rekstrartekjur fiskvinnslu .....	945.839.590	713.695.332	339.216.922	490.669.361	2.489.421.206
Rekstrartekjur útgerðar .....	605.441.766	541.362.589	277.317.348	402.499.902	1.826.621.605
Afli til eigin vinnslu .....	(357.433.816)	(264.309.105)	(90.778.563)	(185.570.940)	(898.092.424)
Vörusala .....		99.898.451	365.516.055	102.167.501	567.582.007
Aðrar tekjur .....	9.232.245	(1.132.856)	2.346.546	8.862.464	19.308.399
	<u>1.203.079.785</u>	<u>1.089.514.412</u>	<u>893.618.308</u>	<u>818.628.288</u>	<u>4.004.840.793</u>
<b>Rekstrargjöld</b>					
Rekstrargjöld fiskvinnslu .....	696.900.138	576.856.077	259.795.055	402.743.691	1.936.294.961
Rekstrargjöld útgerðar .....	351.909.215	360.553.719	234.354.821	328.785.089	1.275.602.844
Afli til eigin vinnslu .....	(357.433.816)	(264.309.105)	(90.778.563)	(185.570.940)	(898.092.424)
Kostnaðarverð seldra vara .....		101.578.796	354.681.544	102.838.486	559.098.826
Sameiginlegur kostnaður .....	38.876.383	22.043.185	22.333.209	23.734.188	106.986.966
	<u>730.251.920</u>	<u>796.722.673</u>	<u>780.386.066</u>	<u>672.530.514</u>	<u>2.979.891.173</u>
Hagnaður fyrir afskriftir .....	472.827.865	292.791.739	113.232.242	146.097.774	1.024.949.620
Afskriftir rekstrarfjármuna .....	(154.436.098)	(171.027.903)	(156.727.991)	(157.556.671)	(639.748.663)
Rekstrarhagnaður (tap) .....	318.391.767	121.763.836	(43.495.749)	(11.458.897)	385.200.957
Fjármunatekjur og (gjöld) .....	(105.017.001)	(21.960.996)	55.957.887	332.935.939	261.915.828
Reiknaður tekjuskattur .....	0	0	0	(99.607.345)	(99.607.345)
Hagnaður .....	<u>213.374.765</u>	<u>99.802.839</u>	<u>12.462.138</u>	<u>221.869.697</u>	<u>547.509.440</u>
Veltufé frá rekstri .....	407.573.782	257.306.452	60.401.288	124.297.552	849.579.075



# Skýringar

## Sjóðstreymi

24. Fimm ára yfirlit um sjóðstreymi á verðlagi hvers árs.

	2004	2003	2002	2001	1999 / 2000
Afkoma ársins.....	547.509.440	249.307.594	901.668.632	35.283.682	(256.159.278)
Afskriftir.....	639.748.663	542.105.420	494.943.949	427.603.152	418.057.833
Reiknaður tekjuskattur og verðbreytingarfærsla.....	99.607.345	0	(62.445.369)	(276.382.410)	(136.560.392)
Verðbreytingar langtímaskulda.....	(456.587.302)	(115.358.328)	(451.357.071)	563.136.880	148.263.594
Aðrar breytingar.....	19.300.929	38.446.159	132.921.579	60.259.127	13.946.979
<b>Hreint veltufé frá rekstri</b>	<b>849.579.075</b>	<b>714.500.845</b>	<b>1.015.731.721</b>	<b>809.900.431</b>	<b>187.548.736</b>
Breyting á:					
Rekstartengdum eignum.....	127.415.177	111.300.543	(545.067.831)	(478.957.031)	359.841.797
Rekstartengdum skuldum.....	20.857.163	91.677.156	(5.419.444)	45.120.902	(128.617.472)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>997.851.415</b>	<b>917.478.544</b>	<b>465.244.446</b>	<b>376.064.302</b>	<b>418.773.061</b>

## Kennitölur

25. Úr rekstrarreikningi:

	2004	2003	2002
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur.....	25,59%	29,79%	31,00%
Hagnaður ársins / rekstrartekjur.....	13,67%	7,38%	24,98%
Hagnaður fyrir afskriftir, vexti og skatta (EBITDA).....	1.024.949.620	1.006.330.022	1.118.697.800
Arðsemi eigin fjár.....	25,54%	12,52%	55,03%

26. Úr efnahagsreikningi:

	31.12 2004	31.12 2003	31.12 2002
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir .....	1,93	1,50	1,32
Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn .....	28,92%	24,58%	28,63%
Innra virði hlutafjár - eigið fé / hlutafé .....	1,45	1,29	1,25
Hagnaður á hverja krónu nafnverðs hlutafjár (EPS)	0,35	0,16	0,58

27. Úr sjóðstreymi ársins:

a) Skuldaþekja handbærs fjár.....	0,12	0,10	0,10
b) Gæði sölunnar .....	1,00	0,97	1,01
c) Gæði afkomunnar .....	1,82	3,68	0,52

- a) Handbært fé frá rekstri að frádregnum arðgreiðslum / heildarskuldir  
 b) Innborgaðar tekjur / bókfærðar tekjur  
 c) Handbært frá rekstri / afkoma



Mars 1980. Sigurður Jónsson og Anna Bjarnadóttir í aðgerð.



Mars 1972. Bragi Steingrímsson og Húnbogi Þorkelsson.



Mars 1971. Höður Guðjónsson, Jón Nikulásson (á palli) og Örn Óskarsson.



Nóvember 1975. Útborgunardagur fyrir síldarsöltun í Vinnslustöðinni. Eftirvænting skín af hverju andlíti!



Apríl 1977. Starfsmenn Fiskimjölsverksmiðjunnar í Vestmannaeyjum. Allar ljósmyndir hér á síðunni eru úr safni Sigurgeirs Jónassonar.



Mars 1979. Einar Hannesson og Kjartan Másson.



Mars 1979. Baldur Kristínsson, Snorri Jónsson, Páll Pálmason, Fjóla Sigurðardóttir, Óskar Valtýsson og Bryngeir Sígfússon.



Mars 1972. Halldór Jónsson og Sigurður Jóhannsson.



Október 1982. Parna sjást m.a. Matthildur Einarsdóttir, Elísabet Einarsdóttir, Brynja Pálsdóttir, Fjóla Guðmannsdóttir, Jóna Þorsteinsdóttir og Jóhann Jónsson verkstjóri.



Mars 1980. Verkstjórnarnir Guðmundur Ásbjörnsson og Viðar Elíasson. Við berum ekki kennsl á þann sem stendur í miðið.